

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1863.
yfir Íslandi, um manntalsþingagjöld í Gullbringu 23. febrúarm.
sýslu og í Reykjavíkur kaupstað.

Með bréfi 17. marzm. f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá, er forseti alþingis, er haldið var 1861, Jón Guðmundsson, settur málaflutningsmaður við yfirrættinn, hafið samið að tilhlutun þingsins, og er í henni farið fram á, að manntalsþingagjöldin í Gullbringusýslu og í Reykjavíkur kaupstað, sem nú eru greidd eptir verði verðlagsskráarinnar á hördum fiski, framvegis verði greidd eptir meðalverði allra meðalverða.

Eptir að búið er að skrifað á um þetta efni við fjárstjórnina, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörið það alþingi því, er haldið verður í næsta skipti, að dómsmálastjórnin hefir í hyggju að hlutast til um, að uppástunga, er að þessu lúti, verði sett í frumvarpið til fjárlaganna fyrir árið 1864—65.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 28. febrúarm.
yfir Íslandi, um aukaútsvar fyrir skólahúsið, lands-
yfirrættarhúsið, og stiptamtmannshúsið í Reykjavík.

Í bréfi 5. nóvembermánaðar f. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, beiðzt úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort heimild sé fyrir því í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 27. nóvembermán. 1846 19. grein, að auk lóðarskatts sé jafnað aukaútsvari á skólahúsið, landsyfirrættarhúsið og stiptamtmannshúsið.

Í þessu efni skal yður kunngjört, að með því aukaútsvarið er greitt eptir eignum og ástandi og er þannig skattur, sem aðeins hvílir á gjaldþegnunum sjálfum (*en reen personlig Skat*) verður stjórnarráðið að fallast á þá skoðun, er þér lýstuð yfir í bréfi